

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Varðar: *Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 389. mál.*

Fyrir hönd Barnaspítala Hringingsins, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, höfum við lesið og fjallað um ofangreint frumvarp til umsagnar.

Í **1. gr** er sagt *með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun*. Við teljum, að hér vanti nánari og nákvæmari skilgreiningu á því, hvað er alvarleg fötlun og hvað er alvarlegur, langvinnur sjúkdómur.

Í **8. gr**, 3. málsgrein er sagt *vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar*. Hér vantar einnig nánari skýringu á því, hvað er mjög alvarleg fötlun og hvað eru mjög alvarleg veikindi.


Til þess að fá fram nánari skilgreiningu og ákvörðun á alvarleika veikinda eða fötlunar, teljum við að gera mætti smávægilegar breytingu í **6. gr.**, 1. málsgrein, 3. línu, í staðinn fyrir *sérfræðings* kæmi **sérfræðilæknis**.


Skýring. Ef tryggt er, að til komi læknisfræðilegt mat og þar með læknisfræðileg greining (diagnosa) með alþjóðlegu greiningarnúmeri og lýsing á sjúkdómi eða fötlun, eins og hún kemur fram hjá viðkomandi barni, ætti mat framkvæmdaaðila á rétti foreldris til greiðslna að vera tryggt.

Ekki aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Reykjavík, 11. janúar 2006.

Virðingarfyllst,


Atli Dagbjartsson, yfirlæknir,
Barnaspítala Hringingsins,
Landspítala – háskólasjúkrahúsi


Árni V Þórsson, yfirlæknir,
Barnaspítala Hringingsins,
Landspítala - háskólasjúkrahúsi

